

Lög

um

breyting á og viðauka við lög nr. 23, 14. desember 1877,
um tekjuskatt.

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð Danmerkur konungur,
Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski.
Láenberg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru :

1. gr.

Tekjuskatt þann af eign, sem ræðir um í 2. gr. nefndra laga, skal greiða með 4 af hundraði af tekjum, sem nema 1000 kr., en síðan eykst skatturinn um 1 af hundraði á hverju þúsundi, uns hann er orðinn 15 af hundraði, sem greiðist af því, sem eignartekjur nema yfir 11000 kr.

2. gr.

Tekjuskattur af atvinnu, samkvæmt 4. gr. tjeðra laga, eykst með sama hætti og þar segir, uns hann er orðinn 15 af hundraði, sem greiðist af því, sem tekjurnar nema yfir 29000 kr.

3. gr.

Auk þeirrar atvinnu, sem 5. gr. nefndra laga greinir, skal skatturinn greiðast af tekjum af landbúnaði og sjávarútvegi.

4. gr.

Ákvæði 12. gr. nefndra laga ná einnig til stjórnenda banka og sparisjóða, að því er snertir innieign og vaxtafje í þeim stofnunum.

5. gr.

Ef gjaldþegn gefur enga skýrslu um tekjur sínar, svo sem 13. gr. tekjuskattslaganna mælir fyrir, skal skattanefnd áætla tekjur hans svo freklega, sem hún telur fært, svo að eigi sje hætt við, að þær verði settar lægri en þær eru í raun og veru.

Þyki skattanefnd ástæða til, getur hún krafist þess, að framteljandi staðfesti framtal sitt með eidi eða drengskaparheiti fyrir dómi. Er framteljanda skylt að sækja dómþing með gestarjettarfyrirvara á skrifstofu dómarsins eða á hvern stað í þinghánni, er dómari tiltekur.

6. gr.

Auk úrskurða um kærúmál, sem yfirskattaneind hefir með höndum, samkvæmt 20. gr. tjeðra laga, skal henni og rjett að hafa strangt eftirlit með því, að skattanefndir í umdæmi hennar gegni skyldu sinni, og ganga ríkt eftir rjettu framtali. Leiðrjettir hún síðan skattaskrárnar, svo sem hún telur þörf á. Úrskurðum hennar verður eigi áfrýjað.

Nr. 54.
26. okt.

7. gr.

Skýrslum þeim um efnahag gjaldþegna, er skattanefndarmenn fá vitneskju um í starfa sínum, skulu þeir halda leyndum fyrir öllum úti í frá. — Brot gegn þessu varðar sektum frá 20—200 kr., nema þyngri refsing liggji við samkvæmt öðrum lögum, og skal þeim, er sekur verður, tafarlaust vikið frá starfanum.

8. gr.

Sektir eftir lögum þessum og gildandi lögum um tekjuskatt renni í landssjóð. Með mál út af brotum skal farið sem almenn lögreglumál.

9. gr.

Tekjuskatt samkvæmt lögum þessum skal innheimta í fyrsta sinn á manntalsþingum 1919.

Eftir þessu* eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið á Amalíuborg, 26. október 1917.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Sigurður Eggerz.